


Útflutningur hrossa árið 2003

Árið 2003 voru flutt út alls 1.455 hross frá Íslandi sem er 3,3% samdráttur miðað við árið á undan þegar fjöldinn var 1.505 hross. Ef tekin eru saman gögn eftir upprunúmeri útfluttra hrossa kemur í ljós að tæplega helmingur þeirra, árið 2003, er upprunninn í Rangárvalla-, Árnes- og V-Skaftafellssýslu (skýrsluhalds- svæðum 80 til 88), þ.e. hrossin eru ræktað þar, hver svo sem annast sölu eða útflutning þeirra.

UPPRUNAHÉRAÐ	Árið 2003	%
Úr Rangárvallasýslu	419	28,8
Úr Árnessýslu	272	18,7
Úr V-Skaftafellssýslu	13	0,9
Útflutt frá öðrum landshl.	751	51,6
Útflutt hross alls 2003:	1.455	100%

	Árið 2003	Til og með
	Fjöldi og %	22. febr. 2004
Svíþjóð	224 / 32%	31 / 25%
Danmörk	119 / 17%	38 / 30%
Þýskaland	112 / 16%	35 / 28%
Noregur	74 / 10%	0
Finnland	53 / 8%	3 / 2%
Bandaríkin	43 / 6%	2 / 2%
Sviss	43 / 6%	0
Lönd m.færri en 10	36 / 5%	16 / 13%
Útflutt alls af Suðurlandi:	704	125



Langflest þessara sunnlensku hrossa fóru til Svíþjóðar eða 224 (32%), næstflest til Danmerkur 119 (17%), þá Þýskalands 112 hross (16%) og Noregs 74 (10%). Önnur móttökulönd eru með minni hlutdeild. Þau lönd sem tóku á móti færri en 10 hrossum hvert árið 2003 eru: Austurríki, Frakkland, Færeyjar, Grænland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Bretland og Ungverjaland.

Meðalfjöldi útfluttra sunnlenskra hrossa á mánuði er tæp 60 hross árið 2003. Mestur er útflutningurinn í mánuðunum janúar, mars og október. Meðfylgjandi súlurit sýnir útflutning eftir mánuðum árið 2003 ásamt 2004, til og með 22. febrúar.

Sunnlenskur útflutningur var umtalsvert minni í nýliðnum janúarmánuði en í sama mánuði í fyrra. Hins vegar eru útflutt hross þann 22. febrúar 2004 þegar orðin umtalsvert fleiri en allan febrúarmánuð 2003.

Pétur Halldórsson

*Heimild: W-Fengur, 22.febr.2004.

Lagabreyting

Á aðalfundi Búnaðarsambandsins 2003 var lögum sambandsins breytt. Í 2. gr. laganna segir að þeir sem séu í fleiri en einu félagi skuli tilnefna eitt þeirra sem sitt aðalfélag og síðar í lögnum er kveðið á um að þau sjái um skil á árgjaldi til sambandsins.

Hinsvegar varð 7. gr. óbreytt frá gömlu lögnum en þar er kveðið á um að fulltrúar á aðalfund Búnaðarsambandsins séu í samræmi við félagatölu óháð því hvort menn séu í fleiri en einu félagi.

Samkvæmt lögnum er því aðalfélag það aðildarfélag sem sér um innheimtu árgjalda til sambandsins en hefur ekkert með önnur réttindi að gera. Þeir sem eru aðilar að fleiri en einu aðildarfélagi geta því tilnefnt eitt þeirra sem sitt aðalfélag. Óski menn eftir breytingu á sínu aðalfélagi vinsamlegast hafið samband við Svein eða Helgu hjá Búnaðarsambandinu.

Sveinn Sigurmundsson.

Fjárvisarnámskeið

Í mars verða haldin námskeið í afurðaskýrsluhaldsforritinu Fjárvisi. Námskeiðin eru sérstaklega ætluð þeim sem eru að byrja í Fjárvisi.

Dagskrá námskeiðanna er eftirfarandi:

- 10:00 Kynning á skýrsluhaldi í sauðfjárrækt og afurðaskýrsluhaldsforritinu Fjárvisi
- 11:00 Unnið í Fjárvis með tilbúið dæmi
- 14:30 Eigið fjárbú, unnið með eigin gögn við skráningu í Fjárvisi.

Reiknað er með ca 30 mín. hádegishléi og 20 mín. miðdegiskaffi. Hæfilegur fjöldi þátttakenda á hverju námskeiði er u.þ.b. 12 manns. Leiðbeinendur verða Fanney Ólöf frá Búnaðarsambandi Suðurlands og Sólrún Ólafsdóttir frá Bændasamtökum Íslands. Þátttökugjald verður kr. 2.000 og að auki greiða þátttakendur fæði hver fyrir sig.

Verkefnið Upplýsingatækni í dreifbýli greiðir 80% af kostnaði námskeiðs.

Námskeiðin verða haldin á eftirtöldum stöðum:

Dagsetning	Staður	Tími
Þriðjud. 23. mars	Hótel Kirkjubæjarklaustur	10-16
Fimmtud. 25. mars	Skrifstofa Bssl, Selfossi	10-16

Skráning fer fram hjá Búnaðarsambandi Suðurlands í síma 487-4818 á Kirkjubæjarklaustri og 480-1800 á Selfossi á milli kl. 8.00 og 16.00 og á netfangið fol@bssl.is.

Þátttakendur þurfa að mæta með eigin tölvu á námskeiðin og ef Fjárvis er ekki nú þegar uppsett í tölvunum þarf að panta það í tíma hjá Bændasamtökum Íslands. Undirrituð getur aðstoðað þátttakendur með það.

Fanney Ólöf Lárusdóttir



FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Mars 2004 - 26. árgangur. - 4. tölublað

EFNI BRÉFSINS

Skýrsluhald í sauðfjárrækt

Bls. 1

Kartöflubændur athugið

Bls. 1

Umframjólkur

Bls. 1

Aðalfundur BSSL

Bls. 1

Sunnlenskar verðlaunakýr

Bls. 2

Námskeið í kynbótum sauðfjár

Bls. 3

Fréttabréfið á vefinn

Bls. 3

Útflutningur hrossa árið 2003

Bls. 4

Lagabreyting

Bls. 4

Fjárvisarnámskeið

Bls. 4

Ritstjórn:
Jóhannes Hr. Simonarson,
Runólfur Sigursveinsson,
Guðmundur Jóhannesson.

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Sigurmundsson
Sími 480 1800 - Fax 480 1818
Netfang: bssl@bssl.is
Vefslóð: http://www.bssl.is
ISSN 1605-7546
Prentun:
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

Skýrsluhald í sauðfjárrækt

- GULA FJÁRBÓKIN

Í mars verða haldin námskeið í skýrsluhaldi í sauðfjárrækt. Námskeiðin eru sérstaklega ætluð þeim sem eru að byrja í skýrsluhaldi í sauðfjárrækt og á að auðvelda bændum fyrstu skrefin í því.

Dagskrá námskeiðanna er eftirfarandi:

- 10:00 Kynning á skýrsluhaldi í sauðfjárrækt
- 11:00 Útfylling gulu fjárbókarinnar, unnið með tilbúið dæmi
- 14:00 Eigið fjárbú, unnið með eigin gögn við útfyllingu fjárbókar

Reiknað er með 30 mín. hádegishléi og 20 mín. miðdegiskaffi. Hæfilegur fjöldi

þátttakenda á hverju námskeiði er u.þ.b. 10 manns. Leiðbeinandi verður Fanney Ólöf. Kostnaður þátttakenda er kr. 2.000 og innifalið í því eru gögn og fæði.

Námskeiðin verða haldin á eftirtöldum stöðum:

Dagsetning	Staður	Tími
Föstud. 12. mars	Hótel Kirkjubæjarkl.	10-16
Þriðjud. 16. mars	Heimalandi, V-Eyjafj.	10-16
Miðvikud. 17. mars	Skrifstofa Bssl, Self.	10-16

Skráning fer fram hjá Búnaðarsambandi Suðurlands í síma 487 4818 á Kirkjubæjarklaustri og 480 1800 á Selfossi á milli kl. 8.00 og 16.00 eða í netfang fol@bssl.is.

Fanney Ólöf Lárusdóttir

Kartöflubændur athugið!

Fræðslufundur um kartöflurækt verður haldinn þriðjudaginn 16. mars á Kanslaranum, Hellu og hefst kl. 13.30. Á fundinn mæta Kristján Bjarndal Jónsson, jarðræktar- ráðunautur, Magnús Ágústsson garðyrkju- ráðunautur og Hólmgeir Björnsson sér- fræðingur á jarðræktarviði RALA.

Aðalefni fundarins verður kynning á niðurstöðum rannsókna síðustu tveggja ára með áburðargjöf í kartöflurækt sem gerðar hafa verið í Þykkvabæ og í Villinga- holtshrepp. Einnig verða kynntar erlendar rannsóknir á áburðargjöf og setið fyrir svörum.

Allt að 3 milljónir lítra umframjólkur verða keyptar

Stjórn Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði ákvað á stjórnarfundi sínum þann 4. mars að leggja til við afurðastöðvar að kaupa allt að þremur milljónum lítra umframjólkur í sumar. Greitt verður fyrir próteinhluta mjólkur, eða 32 kr/lítrann. Þessi ákvörðun er tekin vegna minni framleiðslu mjólkur þetta verðlagsár en spár gerðu ráð fyrir. Enn á eftir að ákveða með hvaða hætti staðið verður að kaupunum.

Í sumar verður jafnframt greidd út C-greiðsla á alla innvegna mjólk, líkt og í fyrra. Ef tekið er mið af framleiðslu

fyrri ára gæti C-greiðslan í júlí numið um 7 krónum og um 12 krónum í ágúst. Jafnframt, vegna lítillar framleiðslu, er ekki ólíklegt að greidd verði B-greiðsla á einhvern hluta umframframleiðslunnar vegna 104% reglunnar.

Landssamband kúabænda.

Aðalfundur

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands verður haldinn föstudaginn 23. apríl n.k. í Félagslund, Gaulverjabæjar- hrepp og hefst kl. 11. Venjuleg aðalfundarstörf.



Fífa 229 í Hróarsholti.



Tinna 371 í Birtingaholti 1.

Sunnlenskar verðlaunakýr

Föstudaginn, 30. janúar, stóð Búnaðarsamband Suðurlands fyrir verðlaunaveitingu fyrir kúaskoðun 2002 og 2003, þ.e. fyrir kýr fæddar 1998 og 1999. Fjölmenni var í Þingborg þar sem athöfnin átti sér stað en alls fengu 74 kýr viðurkenningu auk þess sem Jóhanni og Hildi í Stóru Hildisey 2 og Berthu og Jóni í Miðhjáleigu voru veittar sérstakar viðurkenningar fyrir nýsett Íslandsmet. Eins og kunnugt er var búið í Stóru Hildisey 2 með Íslandmet í afurðum eftir árskú, 7.450 kg, og Áma 020 í Miðhjáleigu setti Íslandsmet í kg verðefna, mjólkaði 956 kg MFP á árinu 2003.

Við útreikning til verðlauna voru stig reiknuð á eftirfarandi hátt: Útlitsdómur * 2 + kynbótamat. Þá var gerð krafa um að verðlaunakýr fengju hvergi lægri en 8 fyrir júgur- og spenagerð auk þess sem lágmark var 16 fyrir mjaltir og 4 fyrir skap.

Eftirtaldar kýr fengu viðurkenningu:

Kúaskoðun 2002 — kýr fæddar 1998

V-Skaft.

1. Branda 216	f. Búi 89017	Pétursey 1	298 stig
2. Brák 215	f. Búi 89017	Pétursey 1	287 stig
3. Nótt 234	f. Núpur 96013	Eystra-Hrauni	283 stig

Rangárvallasýsla

4. Gæla 294	f. Trefill 96006	Ytri-Skógum	295 stig
5. Skugga 045	f. Almar 90019	Dísukoti	293 stig
6. Birgít 072	f. Forseti 90016	Læk	293 stig
7. Skjalda 284	f. Trefill 96006	Önundarhorni	291 stig
8. 579	f. Sproti 95036	Þorvaldseyri	290 stig
9. 154	f. Máni 95174	Stóru-Mörk	288 stig
10. Skeifa 165	f. Almar 90019	V-Sámsstöðum	288 stig
11. Rós 145	f. Tuddi 90023	Bjóluhjáleigu	288 stig
12. Kolgríma 124	f. Búi 89017	Akurey 2	287 stig
13. Hosa 252	f. Búi 89017	Kirkjulæk	287 stig

Árnessýsla

14. Fífa 229	f. Almar 90019	Hróarsh. (f. Galtast.)	299 stig
15. Fata 206	f. Holti 88017	Bryðjuholti	299 stig
16. Tunga 274	f. Blíður 96166	Egilsstaðakoti	298 stig
17. Smuga 298	f. Almar 90019	Hólshúsum	297 stig
18. Bomsa 464	f. Stúfur 90035	Ásum	296 stig
19. Prúð 223	f. Almar 90019	Brúnastöðum	295 stig
20. Randalín 292	f. Stúfur 90035	Stöðulfelli	295 stig

21. Trölla 666	f. Búi 89017	Hrosshaga	295 stig
22. Alma 305	f. Almar 90019	Efri-Gegnishólum	292 stig
23. Lykkja 256	f. Hófur 96027	Bjargi	292 stig
24. Lausn 313	f. Búi 89017	Húsatóftum	292 stig
25. Alma 440	f. Almar 90019	Hlemmiskeiði	291 stig
26. Huppa 165	f. Almar 90019	Syðri-Gegnishólum	290 stig
27. Perla 079	f. Búi 89017	Króki	290 stig
28. Neta 214	f. Búi 89017	Gunnbjarnarholti	290 stig
29. Rósalind 395	f. Holti 88017	Heiði	289 stig
30. Ósk 310	f. Búandi 95027	Efri-Gegnishólum	289 stig
17. Brók 017	f. Gróandi 95038	Hjálmholti	289 stig

Viðurkenningar f. útlit

Rín 294	f. Úi 96016	Lambhaga	91 stig
Sóla 009	f. Úi 96016	Miðhjáleigu	90 stig
Linda 001	f. Sorti 90007	Miðhjáleigu	89 stig

Kúaskoðun 2003 — kýr fæddar 1999

V-Skaft.

31. Dögun 140	f. Sperðill 97976	Þykkvabæ	293 stig
32. Krossa 288	f. Krossi 91032	Ketilsstöðum	289 stig
33. Mugga 173	f. Randver 97029	Fagurhlíð	288 stig

Rangárvallasýsla

34. Krossa 471	f. Krossi 91032	Selalæk	296 stig
35. Fella 301	f. Teinn 97001	Lambhaga	295 stig
36. Alrauð 179	f. Fróði 96028	Stóru-Mörk	294 stig
37. Mjallhvít 231	f. Krossi 91032	Hrútafelli	294 stig
38. Buddha 467	f. Búi 89017	Akurey 1	294 stig
39. Áma 020	f. Skutur 91026	Miðhjáleigu	294 stig
40. Kíara 177	f. Stígur 97010	Meiri-Tungu	293 stig
41. Rífa 157	f. Krossi 91032	Steinum	293 stig
42. Mandla 255	f. Roði 96978	Berjanesi	292 stig
43. Júlía 470	f. Krossi 91032	Akurey 2	290 stig

Árnessýsla

44. Tinna 371	f. Negri 91002	Birthingaholti 1	299 stig
45. Krossa 391	f. Krossi 91032	Stekum	297 stig
46. Ljómáland 310	f. Krossi 91032	Hólshúsum	297 stig
47. Krossa 309	f. Krossi 91032	Hólshúsum	296 stig
48. Næla 456	f. Krossi 91032	Litla-Ármóti	296 stig
49. Túrbó 212	f. Hvanni 89022	Kotlaugum	296 stig
50. Baula 129	f. Negri 91002	Miðfelli 5	294 stig
51. Fífa 393	f. Krossi 91032	Haga	293 stig



Birgir Guðmundsson, mjólkurbússtjóri, og Bergur Ólafsson í Hróarsholti með viðurkenningu fyrir Fífu 229 hæst dæmda kú á Suðurlandi 2002.

52. Sunna 001	f. Stígur 97010	Skipholti 1	293 stig
53. Örk 263	f. Krossi 91032	Bjargi	293 stig
54. Hola 264	f. Stígur 97010	Dalbæ	293 stig
55. Tröð 482	f. Stígur 97010	Drumboddsstöðum	292 stig
56. Hetja 183	f. Krossi 91032	Syðri-Gegnishólum	292 stig
57. Milla 196	f. Stúfur 90035	Laugardælum	291 stig
58. Gríma 386	f. Krossi 91032	Skeggjastöðum	291 stig
59. Viðbót 013	f. Randver 97029	Hrepphólum	291 stig
60. Bóla 316	f. Hófur 96027	Ólafsvöllum	291 stig
17. Brá 300	f. Krossi 91032	Stöðulfelli	291 stig

Viðurkenningar f. útlit

Brá 174	f. Sorti 90007	Móeiðarholi	90 stig
254	f. Stígur 97010	Skíðbakka 2	90 stig



Hildur í Stóru-Hildisey 2 og Bertha í Miðhjáleigu með viðurkenningar fyrir Íslandsmetin. Styttarnar gerði Ragnhildir Magnúsdóttir í Gýgjarhólskoti.

Lukka 190	f. Sorti 90007	Sumarliðabæ	90 stig
Tinna 248	f. Negri 91002	Þúfu	89 stig
Víola 269	f. Sorti 90007	Berjanesi	89 stig
Básúna 263	f. Sorti 90007	Berjanesi	89 stig
Nótt 304	f. Negri 91002	Skeiðháholi	89 stig
Stemma 564	f. Sorti 90007	Þrándarholi	89 stig
Fána 320	f. Forseti 90016	Hæli 2	89 stig

Þá reyndist Fífa 229 í Hróarsholti vera hæst dæmda kýr á Suðurlandi fædd 1998 og Tinna 371 í Birthingaholti 1 hæst dæmd í árgangi 1999. Mjólkurbú Flóamanna gaf öll verðlaun af miklum myndarskap eins og svo oft áður og afhenti Birgir Guðmundsson, mjólkurbússtjóri, þau.

Námskeið í kynbótum sauðfjár

Dagana 30.—31. mars n.k. verður haldið námskeið í kynbótum sauðfjár. Leiðbeinandi verður Jón Viðar Jónmundsson. Námskeiðið verður haldið á Hótel Kirkjubæjarklaustri og stendur yfir frá kl. 10:00 til 15:00 báða dagana.

Markmið námskeiðsins er að efla áhuga og skilning á ræktunarstarfi í sauðfjárrækt.

Dagskrá námskeiðsins er eftirfarandi:

Kynning og/eða upprifjun á hugtökum:

- Erfðafræði
- Tölfræði
- Kynbótafræði
- Kynbótamat, afkvæmarannsóknir

Eiginleikar í sauðfjárrækt:

- Frjósemi
- Þungi (vænleiki)
- Ull og gærur
- Kjöttgæði
- Sjúkdómur

Ræktunarmarkmið

Ræktunarskipulag

Framkvæmd ræktunarstarfsins:

- Skýrsluhald
- Mat á lifandi fé
- Sæðingar

Þættirnir um ræktunarmarkmið og ræktunarskipulag eru aðeins mjög fljótyfirfarið yfirlit vegna þess að eigi að fara nákvæmlega í slíkt efni krefst það líklega námskeiðs enn meira að umfangi en þetta er.

Þátttökugjald er kr. 3.500 fyrir utan fæði sem þátttakendur greiða hver fyrir sig. Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkir námskeiðið.

Skráning fer fram hjá Búnaðarsambandi Suðurlands í síma 487-4818 á Kirkjubæjarklaustri og 480-1800 á Selfossi á milli kl. 8.00 og 16.00 eða í netfang fol@bssl.is.

Fanney Ólög Lárusdóttir.

Fréttabréfið á vefnum

Fréttabréf BSSL er nú hægt að nálgast á vef Búnaðarsambandsins, www.bssl.is Fréttabréfin eru vistuð þar inn sem Acrobat-skjöl eða pdf-formi frá og með árgangi 2004. Nú þegar eru komin 4 tölublöð á vefnum (að þessu meðtöldu) eða þau fréttabréf sem gefin hafa verið út á þessu ári.

Fréttabréfið verður framvegis sett á vefinn samhliða útgáfu þess. Við vonumst til þess að þessi aukna þjónusta mælist vel fyrir.

Ritstjórn.